| Bæjarskrifstofur Garðabæjar | |
|---|---|
| Mótt.dags. | 01.03.2018 |
| Málalykill | 04.0 |
| Mál nr. | 1801249 |

Garðabæ 26. febrúar 2018.

Bæjarstjóri Garðabæjar, Gunnar Einarsson

Garðatorgi 7

225 Garðabæ

*Efni: Starfsumhverfi leikskóla Garðabæjar*

Við, undirritaðir leikskólastjórar í Garðabæ, viljum koma á framfæri þakklæti fyrir metnað og stórhug til þeirra er málið varðar við ákvarðanatöku til eflingar starfsumhverfis leikskólastigsins.

Aðgerðir sem þessar sýna að bæjaryfirvöld í Garðabæ leggja metnað sinn í það að efla fagstarfið í leikskólunum sveitarfélagsins. Aðgerðirnar eru líka mikil hvatning til kennara og annarra sem sjá um uppeldi og kennslu í leikskólunum og við erum sannfærðar um að þessar aðgerðir munu auðvelda okkur að ráða fleiri fagmenntaða til starfa en áður.

Að síðustu langar okkur sérstaklega að þakka Halldóru Pétursdóttur, verkefnisstjóra leikskóladeildar fyrir baráttu hennar við eflingu leikskólastigsins í Garðabæ og við erum afar stoltar af því að hafa slíkan talsmann og hafa hana í röðum okkar.

Með virðingu og þökk

Hjördís G. Ólafsdóttir — Sigurborg Kristjánsd.

Anna Bjarnadóttir — Þorgerður Anna Arnard.

Björg Helga Geirsd. — Ragnhildur Skúlad.

Ásta Kr. Valgarðsd.

Sigrún Sigurðard.

Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03 2026